


Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Nes

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Álfabergs um starfið á síðasta ári	6
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Dvergasteins um starfið á síðasta ári	8
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Hulduhóls um starfið á síðasta ári	10
2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Lundeyjar um starfið á síðasta ári	12
2.5 Stutt greinargerð deildarstjóra Tröllabjargs um starfið á síðasta ári	14
2.6 Stutt greinargerð deildarstjóra Viðeyjar um starfið á síðasta ári	16
2.7 Stutt greinargerð deildarstjóra Þerneyjar um starfið á síðasta ári	19
2.8 Sameiginleg greinargerð leikskólans Nes	21
3 Ytra mat	22
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	24
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	26
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	27
7 Foreldrasamvinna	28
8 Samstarf leik- og grunnskóla	29
9 Skipulagsdagar	30
10 Fylgigögn	30
10.1 Matsgögn	30
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	30
10.3 Leikskóladagatal	30
10.4 Skólaárið 2017-2018 lokaskýrsla um samstarf leik- og grunnskólans	30
10.5 Sameiginleg langtímaáætlun	30

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Núna er eitt og hálft ár síðan leikskólarnir Bakki og Hamrar sameinuðust. Sameiningin hefur gengið nokkuð vel fyrir sig og ekki eru sjáanlegir hnökrar á leikskólastarfinu. Við höfum haft það markmið að báðar starfsstöðvar haldi sínum sérkennum en höfum verið og höldum áfram að miðla þessari þekkingu okkar á milli. Í vor fórum við í námsferð til Eastbourne sem tókst mjög vel og fór stór hluti starfsmannahópsins í þá ferð. Þeir starfsmenn sem voru heima fóru í Fífuborg og kynntu sér hvernig þar er unnið með læsi.


Á næsta skólaári munum við vinna enn frekar með sameininguna. Deildarstjórafundir verð einu sinni í mánuði þar sem farið verður í að sameina vinnu með Lubbi finnur málbein og fjöruverkefnið Fjörulalla.

Veturinn á eftir að einkennast að því að halda áfram að sameina vinnuna með börnum og starfsfólki og að bæta við það frábæra starf sem hefur verið unnið á báðum starfsstöðvum.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeiningar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Álfabergs um starfið á síðasta ári

Innra mat Álfabergs (Hamrar)

- Veturinn á Álfabergi hefur gengið vel. Skipulagðar stundir eins og Lubbastundir, könnunarleikur og Numicon er inni á stundatöflu og hefur gengið vel að fylgja henni eftir. Markvisst var farið í það í vetur að bæta úr hljóðvistinni og skipta börnunum upp í minni hópa. Það var gert með því að fækka húsgögnum inni á deildinni og tókst þannig að búa til nýtt leiksvæði og þar með hægt að hópaskipta enn betur inni á deild. Gönguferðir og bókasafnsferðir hafa verið í allan vetur með eldri árganginn og hefur aðeins ein ferð dottið niður vegna veðurs. Í vetur lögðum við áherslu á að vera duglegri með vísindin með notkun á ljósaborði og myndvarpa og hefur það gengið vel og starfsfólk verið duglegt að nota það, þegar við eigum það. Starfsfólk hefur rætt um stefnu og gildi leikskólans á deildarfundum og sett var upp áætlun hvernig við vinnum með gildin í starfinu. Í vetur hefur skráningin sem notuð hefur verið myndræn og skrifleg. Við erum byrjuð að skrá niður með Tras og munum halda því áfram næsta vetur. Deildarstjóri hefur einnig verið með skriflegar skráningar ef eitthvað hefur verið sem fylgjast þarf nánar með. Samskipti við foreldra hafa gengið vel í vetur, þau vandamál sem upp hafa komið hafa verið leyst í samvinnu milli starfsfólks og foreldra. Dagskipulagið hefur gengið vel í vetur, við höfum látið það fljóta yfir daginn þ.e. stundum færast stundir eftir hádegi sem eiga að vera fyrir hádegi ef annað kemur uppá en engar stundir hafa fallið niður.
- Á síðasta starfsári var markmið hjá yngri deildum að hafa deildarfundir reglulega, það hefur gengið ágætlega í vetur og hafa þeir verið mun reglulegri. Þá var rætt um flæði á milli yngri deilda, það hefur ekki verið sett reglulega inn á skipulag en hefur þó engu að síður verið gert nokkrum sinnum í vetur þá sérstaklega fyrir hádegi með eldri börnunum. Við settum upp skipulega hvernig unnið var með verkefnið Ég sjálfur og fjölskyldan og gekk það vel í vetur. Eitt af markmiðum var að setja hreyfinguna betur inn í skipulagið og hefur það gengið vel meðal annars með reglulegum jógastundum, þá höfum við verið með tvær jógastellingar sem hafa verið jógastellingar vikunnar.
- Endurmatið með börnunum hefur ekki verið nógu markvisst í vetur og þarf að vinna betur að því, einnig að prófa fjölbreyttar leiðir við það. Endurmatið var framkvæmt þrisvar sinnum síðasta vetur. Starfsfólk hefur að mestu leiti séð um flokkun inni á deild, samanber flokkun í ruslafötur, skolun á fernum, þessu munum við bæta inn í umbótarþætti

Starfsfólki deildarinnar langar að hafa samverustundirnar markvissari, sérstaklega morgunstundina og munum við því prófa að hafa skráningu um það sem gert er í hverri samveru á morgnana og endurmeta og fara yfir það á deildarfundum.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Endurmat barnanna	Að endurmeta starfið reglulega með börnunum	Setjum inn ákveðinn tíma í mánuði þegar endurmat á að fara fram	Hefst í október Lýkur í maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð Allt starfsfólk framkvæmir	Nota spurningar og myndir	Viðmið eru svör barnanna, að þau geti svarað
Flokkun inni á deild	Að börnin læri að flokka pappír og plast. Einnig að þrifa mjólkurfernur	Starfsfólk kennir börnunum rétt handtök og aðstoðar þau	Hefst í október Lýkur í maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð Allt starfsfólk framkvæmir	Ræða í samveru- stund um flokkunina og hvernig hefur gengið	Að börnin geti flokkað sjálf í tunnurnar okkar án þess að fá aðstoð og geti skolað sjálf fernurnar
Skráning á samveru- stundum	Halda skráningu um samverustundir til að hafa þær fjölbreyttari og markvissari	Starfsfólk sem er með samveru skrár niður samveru- stund	Hefst í október Lýkur í maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð Allt starfsfólk framkvæmir	Endurmetum reglulega á deildar- fundum	Að samveru- stundir verði markvissari, fjölbreyttari og að starfsfólk geti nýtt hugmyndir hvert frá öðru

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Dvergasteins um starfið á síðasta ári

Innra mat Dvergasteins (Hamrar)

- Veturinn í heild sína gekk vel. Okkur fannst flest námssviðin fléttast ágætlega inn í starfið okkar. Læsi og samskipti fléttast inn í allt okkar starf, hvort sem er við matarborðið eða í fataklefanum. Erum duglegar að útskýra orð/hugtök fyrir börnin og setja orð á athafnir/hluti við yngri börnin. Heilbrigði og vellíðan, við leggjum mikla áherslu á útiveru og féll hún sjaldan niður vegna veðurs – vorum styttra úti. Nýtum salinn þegar við eigum hann, þannig minnkum við álagið inni á deild. Börnin fædd 2014 fara í 2x gönguferðir í mánuði og er önnur þeirra Bókasafnsferð, þetta hefur gengið mjög vel og börnin mjög ánægð og kjósa oftast að fara á Batarólóinn. Ein bókasafnsferð féll niður vegna veðurs. Ef við komumst ekki í gönguferð vegna óviðráðanlegra aðstæðna þá fundum við annan dag. Börnin fædd 2015 fóru 1x í gönguferð á mánuði eftir áramót. Það gekk mjög vel. Sjálfsbærni og vísindi, við nýttum tækifærið í gönguferðunum að fara yfir umferðarreglurnar og skoða gróðurinn. Hvernig hann breytist á milli árstíða. Skráningin gekk vel hjá hópstjórunum með yngri hópana. En gekk ekki nógu vel meðal hópstjóra eldri barnanna (sbr.lubbastundirnar). Tökum mikið af myndum og búum til myndaskráningar.

Við höfum ekki unnið skipulega með gildi leikskólans, en ræðum þau reglulega í samverustund, sérstaklega virðingu. Samskipti við foreldra hafa gengið mjög vel og ef eitthvað kom upp á þá er það rætt og leyst á farsældan hátt.

Við reynum að skipta börnunum í smærri hópa (oft stýrt af okkur), til að minnka álagið inni á deild og um húsið.

Höfum reynt að nýta þann efnivið sem við eigum þá vikuna. Gekk betur fyrir jólin en eftir jólin.

- Það var þörf á að vinna betur með allan efnivið sem færir á milli deilda. Deildarstjóri bjó til plan fyrir hverja viku fyrir sig þar sem kom fram hvað við ættum hverju sinni/hvern dag fyrir sig sbr. stundaskráin. Þetta gekk betur fyrir jólin heldur en eftir jólin. Myndvarpinn 1x notaður. Einhverja hluta vegna þá sat einingarkubbarnir svolítið á hakanum sérstaklega meðal yngri barnahópsins. Tónlistin var vel endurskoðuð hjá okkur. Fannst við gera mikið það sama. Einn starfsmaður tók að sér tónlistina, skipti deildinni í 3 hópa og vann markvisst með hana. Sá starfsmaður fékk undirbúning þar sem hún gat skipulagt hverja tónlistarstund fyrir sig. Ef hún var ekki í vinnu þá skiptumst við á að taka tímana. Gekk mjög vel og höldum þessu fyrirkomulagi áfram. Einnig fannst deildarstjóra þörf á að nýta listasmiðjuna alltaf þegar við eigum hana en ekki bara fyrir mánaðarmyndirnar. Sett inn í vaktarplanið. Kom mjög vel út, höldum því áfram.

Við unnum ekki með leir sem bakaður er í ofni þar sem við gleymdum því (mundum eftir því í endann apríl).

Mikið rót, hlaup, eirðarleysi, hávaði o.fl. kom upp á miðjum vetri (feb, mars). Tilkom m.a. vegna starfsmannaeklu og álags. Tókum fyrir leik á gólfi nema í koti eftir drekkutímamann og milli kl.8-9.

Fengum Helga hegðunarráðgjafa til að koma og skoða okkur og starfið. Gaf hann okkur ýmis hagnýt ráð sem nýttust okkur með börnunum.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lækka málróminn	Skapa meira ró inni á deild.	Nota inniröddina, ekki að hrópa, fara til barnanna Skipta í minna hópa	sept 2018 til jan 2019	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Minna hvort annað á inniröddina. Fara yfir á deildar- fundum	Rólegra verði inni á deild.
Hreyfi- stundir	Markvissar hreyfistundir	Börnin fari í smærri hóp í hreyfistund 1x í viku	Jan'19- maí'19	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar		Efla hreyfingu meðal barnanna
Endurmat	Endurmat barnanna á starfinu	Spyrja spurninga, fara yfir líðandi viku, skoða myndir.	Sept'18- maí'19	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Hafa einn dag í viku sem farið er í endurmat meðal barnanna	Svör barnanna og ef eitthvað er sem þarf að breyta hlusta þá á þau.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Hulduhóls um starfið á síðasta ári

Innra mat Hulduhóls (Hamrar)

- Veturinn á Hulduhól gekk mjög vel. Við fengum að glíma við mörg krefjandi verkefni sem snérist aðallega um hegðun og samskipti milli barnanna. Námsviðin hafa fléttast vel inn í starfið. Læsi og samskipti átti stóran þátt í starfinu. Unnið var vel með Lubba. Það verkefni er orðin nokkuð rótgróið á deildinni og hefur alltaf unnist vel. Lestur og spil fer fram mörgum sinnum á dag. Börnin hafa haft mikinn áhuga á bókstöfum og við höfum mætt þeim eftir bestu getu. Samskipti milli tveggja drengja var engu lík. Fengum við utanaðkomandi aðstoð frá hegðunarráðgjafa. Fengum góð ráð sem nýttust okkur vel auk þess að fá klapp á bakið fyrir að vinna vel úr aðstæðum. Hreinlæti barna og starfsfólks og almenn vellíðan er í fyrirrúmi. Mikið er lagt upp úr hreyfingu og hollum mat svo börnin séu meðvituð um það. Við leggjum mikið upp úr að taka vel á móti börnunum og kveðja þau að degi loknum. Foreldrasamstarfið er mjög gott. Foreldrar eru duglegir að hrósa okkur og eru mjög þakklát fyrir allt sem við erum að gera með börnunum. Foreldrar eru líka duglegir að láta okkur vita það sem miður fer. Við reynum að vinna úr því eftir bestu getu. Börnin eru hvött til að bjarga sér sjálf og þeim leiðbeint eftir þörf. Ekki hafa verið skipulagðar vísindastundir. Við höfum verið mjög virk í sköpun og menningu. Á haustin er haustþema og börnin vinna úr því. Saumaðir voru sokka á saumavél sem var hugmynd eins barnsins. Litavikur eru á vorönn þar sem hvert barn hrærir sína litablöndu og skapar listaverk úr því. Barnasáttmálaverkefnið var unnið. Þar er unnið með barnið sjálft og nánasta umhverfi. Þetta verkefni er unnið jafnt yfir veturinn og endar í tólf blaðsíðna bók um barnið. Lubbamappa, sem inniheldur teikningu um hvert hljóð sem unnið var með. Sjálfsmyndir með meiru var líka unnið. Menningartengt, höfum við tekið þátt í hefðbundnum íslenskum upptákum svo sem þorablóti, jólahefðum, páskafondri með meiru. Reglulegar bókasafnsferðir eru farnar allan veturinn. Ein ferð féll niður vegna veðurs. Við höfum fengið leikrit til okkar. Við leggjum mikið upp úr að vinna í litlum hópum, þar sem hvert barn fær að njóta sín. Skráning hefur aðallega verið myndræn. Til dæmis: börn í leik, að klippa eða spila. Endurmat með börnunum hefur ekki verið virkt. Við höfum unnið samkvæmt starfsáætlun í vetur nema jarðleirinn. Þar sem okkur fannst börnin ekki ráða nógu vel við þennan efnivið, var tekin sú ákvörðun að sleppa honum í ár.

- Veturinn gekk mjög vel. Við erum vel byrg af efnivið og hann hefur verið vel nýttur. Hugmyndir barnanna hafa verið leiðarljós í kennslunni. Styrkleiki okkar hefur verið góð samvinna. Sem skilar okkur jákvæðari og skilvirkari heild. Allir ganga í verkin, sama hvað er. Við vinnum eftir vaktaplani sem er viðmið, frekar en heilagur sannleikur. Við höfum verið með nokkra einstaklinga á deildinni sem þurft hafa aðeins meira og höfum verið í góðu samstarfi við sérkennslustjórnann. Gildi leikskólans: Jákvæðin, virðing og samstarf hefur verið rauði þráðurinn í okkar vinnu með börnunum. Það sem betur hefði mátt fara er að vinna með Numicon, einingakubbum og jarðleir. Þessa þætti þarf að setja ákveðið inn í starfsáætlunina hjá okkur.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Endurmat barnanna	Að finna út hvað börnunum líkar best	Ræða vikuna. Spyrja börnin hvað gekk vel og hvað má betur fara	Sept. 2018 til maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar	Spyrja börnin og skrá svör þeirra í lok hversrar viku. Endurmetið á deildarf.	Að geta nýtt sér hugmyndir barnanna í starfi
Eininga- kubbar og Numicon	Að börnin þekki form og fjölda	Unnin verkefni úr kubbum aðra hvora vikuna og hina vikuna með Numicon undir leiðsögn	Sept. 2018 til maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar	Skrá ferlið og endurmeta á deildarf.	
Tónlist	Að æfður sé taktur, söngur hlustun og hreyfing	Hafa skipulagðar tónlistastundir með litlum hópum	Sept. 2018 til maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar	Á deildarf.	Börnin kunni fleiri söngtexta. Þekki reglurnar og eru taktvissari

2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Lundeyjar um starfið á síðasta ári

Innra mat Lundeyjar (Bakki)

- Í byrjun febrúar urðu deildarstjóraskipti á Lundey og tók aðstoðarleikskólastjóri við tímabundið. Það var ekki farið í að breyta skipulaginu að öðru leyti en því að skipta börnunum oftari í minni hópa.
- **Læsi og samskipti** er partur af öllu okkar daglega starfi. Við leggjum mikla áherslu á að setja orð á allar okkar athafnir með börnunum. Samverustundir þar sem við syngjum, lesum og skoðum bækur. Eins byrjum við að hvetja til frásagnar þar sem börnin koma fram og segja frá.

„Barn vikunnar“. Er verkefni sem við tókum í gagnið í vetur og gekk mjög vel. Þá fara börnin með bangsa heim um helgi og skrifað er í bók hvað gert var um helgina. Það er síðan lesið og spjallað um það sem gert var í samverustund með börnunum. Barnið kemur síðan með uppáhalds leikfang og fær að sýna börnunum og eins bók sem við skoðum/lesum. Eins koma foreldrar með minnislykil með myndum af fjölskyldumeðlimum sem við skoðum saman og ræðum um. Þá fær barn vikunnar einnig að vera aðstoðarmaður við að leggja á borð og sækja matarvagninn.

Markmið verkefnisins er:

- Að efla sjálfsmynd barnsins
- Að barnið fái notið sín sem einstaklingur í leikskólanum
- Að efla samstarf heimilis og skóla
- **Heilbrigði og vellíðan** er stór partur af starfinu. Við leggjum mikla áherslu á útivist og hreyfingu. Leggjum áherslu á hreinlæti s.s. handþvott fyrir matartíma og efir salernisferðir. Það er mikil hreyfing sem fram í útiveru en eins erum við mikið með hreyfileiki í samverustundum. Við hvetjum til vatnsdrykkju og að smakka allan mat og æfa okkur að borða ávexti og grænmeti.
- **Sjálfbærni og vísindi.** Það að ræða við börnin um þætti eins og vatnsnotkun og að henda mat. Rusl, flokka og endurnýta erum við að stuðla að lýðræðislegri hugsun barna og undirbúa þau fyrir þátttöku í samfélaginu. Þegar við förum að fara út fyrir leikskólalóðina er verið að vekja áhuga barna á umhverfinu og að þau beri virðingu fyrir því. Í vor förum við að fara í skipulagðar gönguferðir um nánasta umhverfið og vöktum athygli barnanna á því sem ekki ætti heima í umhverfinu þ.e. rusli.
- **Sköpun og menning.** Unnið var með tröllapema fyrir áramót og tóku allar deildir þátt. Deildarnar skiptast á að nýta listaskálann og vorum við duglegar að nota hann. Unnum að fjölbreyttri listsköpun þar sem lögð var áhersla á fínhreyfingar. Í frjálsa leiknum fær sköpunin einnig að njóta sín í byggingum, pinnum, perlum o.s.frv. Við hlustum á mjög fjölbreytta tónlist og kynnumst með því menningu annarra. Það er söngur á sal hjá okkur á hverjum

föstudegi þar sem allir koma saman og syngja. Eins fáum við leiksýningar í leikskólann á hverri önn. Með barni vikunnar kynnumst við einnig menningu hvers annars.

- **Hvernig gengur að fletta leikinn inn í námsviðin?** Okkur finnst ganga mjög vel að tengja leikinn og námsviðin með því að bjóða uppá fjölbreyttan efnivið þá skapast tækifæri til að fletta þessu saman. Í minni hópum buðum við einnig uppá könnunarleik, tónlist þar sem við buðum uppá hljóðfæri, hlutverkaleik og fínhyrfiverkefni.
- **Námsöguskráningarnar** sátu aðeins á hakanum hjá okkur en við vorum mjög duglegar að taka myndir þannig að þær verða að miklu leyti í myndaformi á yngstu deild.
- **Samskipti við foreldra** hafa gengið mjög vel. Það komu upp smávægilegar áhyggjur hjá foreldrum við deildarstjóraskiptin en það róaðist mjög fljótlega þegar varð ljóst að ekki yrðu neinar breytingar á því starfi sem fyrir var. Foreldrar eru líka mjög dugleg að ræða við okkur jafnóðum ef koma upp spurningar.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Auka orðaforða	Setja orð á allar athafnir	Sept 2018 lýkur maí 2019	Deildarstjóri og starfsfólk Lundey	Á deildar- fundum	Aukin málnotkun barnanna
	Efla sjálfshjálp barnanna	Hvetja og gefa meiri tíma	Sept 2018 lýkur maí 2019	Deildarstjóri og starfsfólk Lundey	Á deildar- fundum	Að börnin eflist í sjálfshjálp t.d. þvo sér um hendur, byrja að klæða sig sjálf.
	Skapa rólegt umhverfi	Skipta í minni hópa	Sept 2018 lýkur maí 2019	Deildarstjóri og starfsfólk Lundey	Á deildar- fundum	Að skapa öruggt og rólegt andrúmsloft á deildinni

2.5 Stutt greinargerð deildarstjóra Tröllabjargs um starfið á síðasta ári

Innra mat Tröllabjargs (Hamrar)

- Starfið í vetur hefur gengið nokkuð vel og við höfum náð að tengja starfið á deildinni við öll námssviðin. Þar sem það var mikill fjöldi barna á deildinni í vetur eða 32 þá reyndum við að vera mjög dugleg að skipta þeim niður í hópa og nota húsið eða rímið eins vel og kostur var til að létta álagið inni á deild. Það komu þó upp stundir eða álagstímar sem voru erfiðir með allan þennan fjölda. Kosturinn er þó sá að öll elstu börnin þekkja mjög vel.
Með allan þennan fjölda gerðist það líka að ýmis verkefni sem til stóð að gera í listasmiðju þau féllu niður t.d. að vinna meira með jarðleir og trölladeig. Hvert barn fór líka sjaldnar í gönguferð þar sem hópurinn var svona stór eða á þriggja vikna fresti en kosturinn var líka að hægt var að fara með 10-11 börn í einu þannig að hvert barn naut sín betur.
Reynt er að flétta gildi og stefnu leikskólans inn í allt starf á deildinni en gildin mættu vera sýnilegri. Vel gekk að nýta flestallan efnivið eins og einingakubba, numicon og ljósaborð en myndvarpinn var lítið notaður.
Sú skráning sem hefur verið framkvæmd á deildinni er skráning við matarborð og í vinnustundum. Einnig notum við ljósmyndir og myndbönd og börnin segja frá listaverkum sínum og það er skráð. Samskipti við foreldra hafa gengið mjög vel í vetur.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starfsfólk sé til staðar í leiknum	Auka málþroska.	Grípa þau tækifæri sem koma upp í leiknum til leggja inn ný orð og lengja setningar.	Sept.2018 lýkur desember 2018	Deildarstjóri og starfsfólk.	Endurmetið reglulega á deildar- fundum.	Að leikurinn verði markvissari og fjölbreyttari.
Endurmat barnanna	Að endurmeta starfið reglulega með börnunum.	Setjum inn ákveðinn tíma í mánuði þegar endurmat á að fara fram	Sept.2018 lýkur maí 2019	Deildarstjóri og starfsfólk.	Nota spurningar.	Viðmið eru svör barnanna.
Vinna með orðagull í ípad	Auka málþroska.	Setja ákv. tíma þar sem unnið er markvisst með orðagull.	Septemb. 2018 lýkur maí 2018.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Endurmetið og skoðað reglulega á deildar- fundum.	Viðmið er hvort öll börn hafi fengið að vinna með orðagull og bætt árangur sinn sem er skráð.

2.6 Stutt greinargerð deildarstjóra Viðeyjar um starfið á síðasta ári

Innra mat Viðeyjar (Bakki)

- Í byrjun febrúar urðu deildarstjóraskipti á Viðey og voru gerðar ýmsar breytingar á starfi deildarinnar. Barnahópnum var til að mynda skipt meira niður og umhverfið aðlagð að barnahópnum. Stuðst er við val þar sem börnin fá að velja sér þann efnivið sem í boði er og fá jafnframt að hafa áhrif á vali á leikefnivið.
- Eldri árgangurinn fór að vinna að ýmsum verkefnum í hádeginu í samræmi við það sem börnin á Hömrum eru að gera. Verkefnin eru undirbúningur fyrir komandi grunnskólagöngu barnanna.
- Læsi og samskipti spilar inn í allt okkar starf og athafnir eins og frjálsan leik, samveru, val, matartíma, fataklefa, útiveru o.s.frv. Starfsfólk deildarinnar er meðvitað um almenna málörvun og hefur tileinkað sér að setja orð á sem flestar athafnir. Málörvun á sér stað í starfinu og læra börnin með því að lesa í umhverfið, skilja og fara eftir fyrirmælum og færa hugsun sína og vilja í orð. Allt sameinast þetta sem grunnur að frekara námi og er undirstaða læsis.
- Heilbrigði og velferð er haft að leiðarljósi í starfi okkar og fara börnin til að mynda einu sinni í viku í íþróttasal Kelduskóla – Korpu þar sem sett er upp þrautabraut og farið í ýmsa hreyfileiki. Hópnum er skipt í tvennt þannig að hver hópur fer aðra hvora viku í salinn. Yoga og slökun er inni í starfinu þar sem verið er að auka líkamsvitund barnanna auk þess að kenna þeim hugarró.
- Rætt er um mikilvægi góðrar næringar, hvíld og jákvæð samskipti í samverustundum. Fjörulallar bæta og kæta og fjöruloftið er stór þáttur í að stuðla að heilbrigði og vellíðan og fer hvor hópur vikulega í fjöruferð.
- Sjálfbærni og vísindi hefur verið unnið á þann hátt að unnið er að ýmsum verkefnum í listasmiðju. Börnin hafa til að mynda endurunnið pappír og búið til fugla úr pappamassanum.
- Rætt er um vatnsnotkun, matarsóun og rusl (fjörulallar eru meðvitaðir um að rusl eigi ekki heima í fjörunni). Börnin flokka pappír og plast inn á deild og eru meðvituð um að pappír er endurvinnanlegur.
- Í skólaverkefnum er unnið með ýmiskonar stærðfræðiverkefni, mynstrum, formum, læsi o.fl. Einnig er unnið mikið með einingakubba sem er liður að stærðfræðikunnáttu. Í fjörunni er verið að vekja áhuga barnanna á umhverfinu og að borin sé virðing fyrir því.
- Sköpun og menning spilar stóran þátt í starfi okkar og fyrir áramót var t.d. unnið með þemað Tröll þar sem allar deildar tóku þátt og fékk sköpunin að njóta sín hjá börnunum. Verkefnið vakti áhuga barnahópsins og var unnið út frá umræðum. Fjölbreytt listsköpun

er höfð í fyrirrúmi þar sem hugað er að fínhreyfingum og gripi barna, t.d. lita, klippa, lima, mála. Einnig er hugað að grófhreyfingum barna t.d. í fataklefa og hreyfileikjum og í íþróttasalnum. Í frjálsum leik fær sköpun að njóta sín t.d. í kubbum (eininga, holo, lego, segul, plús).

- Við hlustum á fjölbreytta tónlist og syngjum fjölbreytt lög, með því fáum við að kynnast fjölbreyttri menningu. Einnig í söng á sal og í samverustundum kynnumst við fjölbreyttri menningu. Elsti hópurinn (Tröllahópur) heimsækir ýmsa menningastaði og Álfahópur heimsækir bókasafn og Þjóðminjasafnið.
- Í haust byrjuðum við með verkefni sem heitir Barn vikunnar, þar sem bangsi hverjar deildar heimsækir hvert barn yfir eina helgi og með því ásamt fleiri þáttum sem gerist yfir vikuna fáum við að upplifa menningu hvers barns í þeirra frásögn.
- Vel gengur að flétta leiknum inn í námssviðin og veitir starfsfólk börnunum forsendur til frjáls leiks með fjölbreyttum efnivið innan leikskólans, bæði innan sem utandyra. Við erum meðvitaðar um hlutverk okkar í leik barna og hversu mikilvægt það er fyrir okkur að vera til staðar og grípa inn í leik þeirra þegar við á. Börnin fá að rannsaka og uppgötva á eigin forsendum í gegnum leik.
- Skráningar hafa gengið ágætlega í vetur. Starfsfólk hefur unnið að þeim í sameiningu. Ekki náðist að klára allar skráningarnar sem settar voru fram. Veikindi og breytingar á tölvukerfi er helsta ástæða þess að ekki náðist að klára skráningar vetrarins
- Samstarfsverkefni á milli leik- og grunnskóla hefur gengið vel. Börnin hafa kynnst öllum sérgreinakennurum innan Kelduskóla og sýnt mikinn áhuga og forvitni.
- Við höfum heimsótt 1. bekk í Korpu ásamt frístundaheimili í Kelduskóla – Korpu á vorönn sem hefur tekist mjög vel og höfum við fengið góðar móttökur.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hlutverk okkar í leik barna	Auka málþroska	Starfsfólk meðvitað um hvað er að gerast í leik barna og aðstoða við að þróa leik þeirra. Leggja inn ný orð	Haustönn / Vorönn	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar	Endurmetið reglulega á deildar- fundum	Að hlutverk okkar verði markvissara í leik barna.
Endurmat barnanna	Endurmeta starfið með börnunum reglulega	Börnin hafi áhrif á starfið	Haust - og vorönn	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar	Notast við spurningar	Svör barnanna notuð sem viðmið til að skipuleggja starfið
Grip barna	Að skoða grip barna – gera gripskráningu	Starfsfólk verði meðvitað um hvort barn sé með rétt grip	Fyrir foreldra- viðtöl í feb.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar	Rætt á deilda- fundum starfsfólks / foreldra- viðtöl	Að börn og starfsfólk verði meðvitað um rétt grip barna

2.7 Stutt greinargerð deildarstjóra Þerneyjar um starfið á síðasta ári

Innra mat Þerneyjar (Bakki)

- Læsi og samskipti spilar inn í allt okkar starf og athafnir eins og frjálstan leik, samveru, hópastarf, matmálstíma, fataklefa, útiveru o. s. frv. Starfsfólk deildarinnar er meðvitað um almenna málörvun og hefur tileinkað sér að setja orð á sem flestar athafnir. Málörvun á sér stað í öllu starfi og læra börnin með því að lesa í umhverfið, skilja og fara eftir fyrirmælum og færa hugsun sína og vilja í orð. Allt sameinast þetta sem grunnur að frekara námi og er undirstaða læsis.
- Heilbrigði og velferð er haft að leiðarljósi og tvisvar í viku, eða oftar, eru fastir tímar teknir í slökun og/eða jóga, með því er verið að auka líkamsvitund barnanna auk þess að kenna þeim hugarró. Hópastarfið sem er tvisvar í viku á stundatöflu er einnig liður í að auka á vellíðan barnanna þar sem þau fá að njóta sín sem einstaklingar í minni hópum. Einnig var farið í íþróttahúsið í Kelduskóla – Korpu nú í vor. Einnig var starfsfólk deildarinnar meðvitað um að huga að og ræða um mikilvægi næringar, hvíldar og jákvæðrar samskipta. Fjörulallar bæta og kæta og fjöruloftið er stór þáttur í að stuðla að heilbrigði og vellíðan.
- Sjálfbærni og vísindi unnum við með á þann hátt að tengja við þema er við nefndum *Endurvinnsla og endurnýting*. Okkar hugsun er að við getum komið inn á marga hluti og með því unnið sigra í framtíðinni. Margt smátt gerir eitt stórt. Það að ræða um þætti í daglegu starfi eins og vatnsnotkun, að henda mat, rusl (t.d. í fjöru og í leikskólanum), flokka og endurnýta séum við að stuðla að lýðræðislegri hugsun barnanna og undirbúa þau fyrir þátttöku í samfélaginu. Einnig tengjum við grunnþáttinn við vinnu með Numicon, einingakubba, holukubba, kynnum nemendur fyrir Ipad (púsl) og ræðum og vinnum með ýmis hugtök í samveru og starfinu öllu. Þegar börnin fara í fjöruna er verið að vekja áhuga barna á umhverfinu og því að þau beri virðingu fyrir því.
- Sköpun og menning spilar stóran þátt í skipulagi okkar. Fyrir ármót unnum við með þemað *Tröll* þar sem allar deildar tóku þátt. Verkefnið vakti áhuga barnahópsins og var unnið út frá þeirri umræðu sem spans auk verkefna sem kennarar skipulögðu. Einnig vinnum við almennt með fjölbreytta listsköpun, hugum að fínhyfingum og gripi barnanna (t.d. púsl, að klippa og lita) og grófhreyfingum (t.d. þegar börnin eru að klæða sig í fataklefa). Í frjálsum leik fær sköpunin að njóta sín t.d. í byggingu úr kubbum, vinnu með perlum o. s. frv. Við hlustum á fjölbreytta tónlist í samveru og fáum með því að kynnast menningu annarra, söng á sal, í leik og í hópastarfi. Börnin fá einnig tækifæri á að koma upp á „pall“ og syngja, leika eða tjá sig á annan hátt. Eins fá þau að horfa á leiksýningar í leikskólanum. Í haust byrjuðum við með

verkefnið *Barn vikunnar*, þar sem bangsi fer heim með barni yfir helgi og með því og fleiri þáttum er gerist yfir vikunnar fáum við að upplifa menningu hvers barns í þeirra frásögn.

- Vel gekk að flétta leik inn í námssviðin og veitir starfsfólk börnunum forsendur til að komast í frjálsan leik með fjölbreyttum efnivið á ýmsum stöðum á leikskólanum, á við innan og utandyra. Það passar að vera sjálft á hliðarlínunni til að skapa þeim nægt rími en er þó tilbúið að grípa inni ef þurfa þykir. Með því geta börnin rannsakað og uppgötvað á eigin forsendum. Mikilvægt er að grípa áhuga barnanna og vinna út frá honum.
- Skráningar hafa gengið ágætlega vel í vetur. Í sameiningu hefur starfsfólk alltaf tekið myndir og unnið að skriflegum skráningum. Ein skráning féll niður, og má kenna breytingu á tölvukerfi að hluta um það ásamt veikindum starfsfólks. Við höfum þó minnkað skriflega skráningar þar sem myndir tala sínu máli.
- Samstarf við foreldra hefur almennt gengið vel og er fólk duglegt við að ræða ef eitthvað er hvort sem um viðtöl er að ræða eða dagsdaglega.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Endur- vinnsla og flokkun	Að börnin þjálfast í að flokka og nýti efnivið betur	Starfsfólk kennir og leiðbeinir börnunum	Frá ára- mótum og fram á vor	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar	Rætt í samveru við börnin og á deildar- fundum starfsfólks	Að börnin verði meðvituð og sjálfbjarga
Nýta baklóð úti betur	Að börnin fá fleiri tækifæri á að vera á baklóð	Að setja inn fastar stundir á baklóð á stundatöflu	Frá ára- mótum og fram á sumar	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar	Rætt á deildar- fundum starfsfólks	Að svæðið sé nýtt
Valstundir	Að þjálfar börnin í vali	Að setja upp valsundir vissan tíma dagsins	Frá áramóum	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar	Rætt á deildar- fundum starfsfólks	Að börnin verði sjálfbjarga í valstundum

2.8 Sameiginleg greinagerð leikskólans Nes

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Deildar- stjóra- fundir	Að allir deildar- stjórar Nes hittist á fundum á 4 vikna fresti	Sameiginlegir deildarstjóra- fundir einu sinni í mánuði	Sept 2018 Maí 2019	Stjórnendur	Verður endurmetið á deildar- stjóra- fundum	Fá yfirsýn yfir starf beggja starfsstöðva og fylgja eftir innleiðingu á nýjum verkefnum s.s. Tras
Leggja TRAS málþroska- skimun fyrir öll börn	Finna fyrir þau börn sem sýna frávik í þroska og koma í veg fyrir hugsanlega erfiðleika seinna á þroskaferlinu.	Byrja að leggja TRAS fyrir öll börn fædd 2015 og seinna.	Byrjar í sept.2018. Verkefni sem heldur áfram.	Deildarstjórar og sérkennslu- stjórar.	Verður metið á deildarstjóra - fundi vorið 2019.	Byrja fyrir að vinna með þau börn sem sýna frávik í þroska.


3 Ytra mat

Leikskólinn sendi foreldrum rafræna könnun varðandi starfið næsta vetur. Tilgangurinn var sá að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um vissa atburði á næsta skólaári. Sendar voru fjórar spurningar á foreldrahópinn á hvorri starfstöð fyrir sig og hér fyrir neðan má sjá sameiginlegar niðurstöður fyrir allan skólann í heild. Sem dæmi hvaða tímasetning hentar best fyrir foreldrafund að hausti. Út frá niðurstöðum úr könnuninni var ákveðið að foreldrafundurinn í haust verður kl. 15:30 á Bakka og kl. 18:00 á Hömrum þar sem niðurstöður úr hverri starfstöð voru á þann hátt. En þegar niðurstöðvar beggja starfstöðva voru teknar saman var niðurstaða sú sem sýnd er í grafi hér að neðan.


Ákveðið hefur verið að þessi gerð ytra mats í formi foreldrakönnunar, verði send til foreldra einu sinni til tvisvar á hverju skólaári.



Allir leikskólar Reykjavíkur fóru inn í nýtt og spennandi verkefni í haust sem kallast Heilsueflandi leikskólar. Hefur þú kynnt þér...



Hefur þú áhuga á að fá fyrirlestur um uppeldi í leikskólanum?



4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Í leikskólanum Nesi eru sjö börn sem hafa notið stuðnings á síðasta skólaári. Þar af þrjú börn á Hömrum og fjögur börn á Bakka. Þessi börn hafa öll fengið auka fjármagn til þess að hægt væri að vinna sérstaklega með þau. Það hafa þrír aðilar sinnt því, þar af einn í Hömrum og tveir á Bakka.

Í vetur hafa verið starfandi tveir sérkennslustjórar, einn á hvorri starfsstöð. Þeir hafa yfirumsjón með þeim börnum sem hljóta stuðning og/eða sýna einhverskonar frávík hvað varðar þroska.

Sérkennslustjórnir sjá um gerð einstaklingsáætlana fyrir þau börn sem eru með stuðning, ásamt deildarstjórum. Sérkennslustjórar bera einnig ábyrgð á þeim börnum sem eru í athugun og gefa ráðgjöf inn á deildar hvað það varðar. Í einstaka tilfellum vinna þeir einnig með þau börn sem eru á bið eftir greiningu.

Sérkennslustjórar eru í góðri samvinnu við þjónustumiðstöðina Miðgarð, þá sérkennslu- og hegðunarráðgjafa og sálfræðing. Það er einnig starfandi talmeinafræðingur sem kemur inn á leikskólann, tvisvar á hverju skólaári. Í þessum lotum kemur hann einu sinni í viku inn á leikskólann í 6 til 8 vikur og vinnur með þau börn sem eru með málþroskafrávík og/eða leggur fyrir málþroskamat.

Við leggjum mikla áherslu snemmtæka íhlutun á leikskólanum Nesi. Því sé snemmtæk íhlutun byggð á faglegri og markvissri þjálfun sem getur það komið í veg fyrir erfiðleika seinna á þroskaferli barnsins. Málörvun er okkur ofarlega í huga þegar kemur að snemmtækri íhlutun. Það er mjög mikilvægt fyrir barnið að geta tjáð sig þar sem málið er eitt lykilatriðið í samskiptum, það er einmitt þannig sem börnin læra best, í samskiptum við önnur börn og fullorðna.

Reglulegir teymisfundir eru haldnir með foreldrum barna sem hljóta stuðning, á ca. 6 til 8 vikna fresti. Þar er farið yfir helstu markmið barnsins og hvernig bæði leikskólinn og foreldrar geti unnið með þau saman til þess að ná sem mestum árangri.

Staða sérkennslustjóra er tiltölulega ný í báðum húsum þannig ekki var gert innramat á starfinu á síðasta skólaári.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vera með markvissa ráðgjöf inn á deildar hvað varðar sérkennslu	Fylgjast betur með að það sé unnið markvisst með þau börn sem sýna frávík í þroska, sama hversu mikil. Þar með byrja vinna með þau strax.	Koma inn á deildarfundi í annan hvern mánuð.	Byrjar í september 2018 og lýkur í maí 2019	Sérkennslu-stjórar	Verður metið á deildarstjóra fundi að vori 2019	Að auka snemmtæka íhlutun og þar með byrja fyrr að vinna með þau börn sem sýna frávík í þroska.
Leggja TRAS málþroska-skimun fyrir öll börn	Finna fyrr þau börn sem sýna frávík í þroska og koma í veg fyrir hugsanlega erfiðleika seinna á þroskaferlinu.	Byrja að leggja TRAS fyrir öll börn fædd 2015 og seinna.	Byrjar í september 2018. Verkefni sem heldur áfram.	Deildarstjórar og sérkennslu-stjórar.	Verður metið á deildarstjóra - fundi vorið 2019.	Byrja fyrr að vinna með þau börn sem sýna frávík í þroska.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Tengiliður fjölmenningar er Ragna Kristín sem er annar sérkennslustjórinn hjá okkur. Hún situr í fjölmenningarteymi hjá skóla- og frístundarsviði sem Fríða Bjarney stýrir. Þetta teymi hittist fjórum til sex sinnum á hverju skólaári þar sem ýmis fræðsla fer fram. Ragna hefur einnig verið með fræðslu fyrir deildarstjóra um fjöltyngi.

Við fengum úthlutað núna í mars 2018 sérstöku fjármangi til þess að vinna með börnum með annað móðurmál en íslensku. Við höfum nýtt það til þess að styðja við þau börn sem hafa þurft á miklum stuðning hvað varðar tungumálið. Einnig höfum við keypt spil og önnur gögn sem nýtast í þessari vinnu.

Þegar barn með annað móðurmál en íslensku byrjar hjá okkur er alltaf tekið viðtal við foreldra áður en barnið byrjar. Þar er túlkur ef þörf þykir og þá er farið yfir það helsta sem tengist starfinu ásamt praktískum upplýsingum. Ef börn og foreldrar tala enga íslensku höfum við fengið túlk sem fylgir barninu fyrstu dagana í aðlögun. Einnig höfum við í þessum tilfellum haldið fundi einu sinni í mánuði þar sem við höfum farið yfir mánaðarplan deildarinnar. Þá getum við útskýrt alla uppákomudaga og almenna frídaga og hátíðir. Við höfum einnig nýtt okkur ípad sem samskiptatæki. Börnin hafa fengið að taka hann heim og taka myndir og öfugt, við höfum líka tekið myndir og myndbönd í leikskólanum sem foreldra hafa skoðað heima. Þetta hefur aukið tengingu á milli heimili og skóla hjá þeim sem tala enga íslensku.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- **Starfsþróunarsamtöl**

Starfsþróunarviðtöl fara fram í janúar til mars. Allt starfsfólk fær spurningar á blaði viku fyrir viðtölin til þess að undirbúa sig. Viðtölin fara fram á skrifstofu leikskólastjóra og eru um klst. í senn. Farið er í gegnum hvernig starfsmanni líður í vinnunni, hverjir styrkleikar þeirra eru og hvaða námskeið starfsmaður hefur áhuga að fara á.

- **Símenntun frá síðasta ári**

Í Hömrum hafa þrír starfsmenn verið í leikskólakennaranámi í fjarnámi við Háskóla Íslands. Þær hafa farið í 3-4 vikur í senn tvisvar sinnum yfir veturinn í innlotu og vettvangsnám.

Anna Sif Farestveit deildarstjóri í Hömrum hélt fyrirlestur fyrir alla starfsmenn í Nesi á skipulagsdegi um barnavernd og hvað við eigum að tilkynna og hverjar verklagsreglur leikskólans eiga að vera.

Guðbjörg jógakennari var með fyrirlestur á skipulagsdegi um jóga. Hún var með fyrirlestur og fór síðan yfir æfingar með starfsfólki sem hægt væri að nota með börnum.

Meirihluti starfsmanna í Nesi fór til Eastbourne í Englandi þar sem einn hluti fékk fræðslu um útikennslu en hinn hlutinn fór í heimsókn í skóla og fylgdist með kennslu yngri barna.

Þeir sem ekki fóru til Englands fóru í leikskólann Fífuborg og fengu fræðslu um læsi og hvernig unnið er með læsi þar.

- **Áætlun um símenntun í leikskólanum**

Á skipulagsdegi í september fer allt starfsfólk á skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins.

Í október er sameiginlegur fyrirlestur með öllum leikskólum í Grafarvogi þar sem Bjartur Guðmundsson kemur með fyrirlesturinn Hugsaðu jákvætt.

Deildarstjórar á Bakka fara á Tras námskeið.

Reynum að fá einingakubbanámskeið á skipulagsdag.

Svo fáum við fyrirlestra á skipulagsdaga eftir þörfum.

7 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð.**

Foreldraráð skipa 3 foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er annað hvert ár að hausti. Hópurinn hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári. Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlestrar auk annarra mála sem upp koma. Engin föst áætlun er yfir fundina en foreldraráðið ásamt leikskólastjóra eru með lokaðan spjallhóp á facebook þar sem þau ræða það sem er framundan. Eitt foreldraráð er starfandi í Hömrum og annað í Bakka.

- **Foreldrafundir**

Einn foreldrafundur er haldin á ári og er hann í september. Þar er farið yfir vinnu vetrarins. Fyrst hittast allir í sal þar sem foreldrar eru boðnir velkomnir og farið yfir ýmsar upplýsingar og kynningu á starfsfólki sem er utandeilda. Síðan fara foreldrar inn á deildar hjá sínu barni þar sem deildarstjóri ásamt starfsfólki fer yfir efni sem við komum til með að vinna með næsta vetur. Hamrar verða með fund 25. september kl. 18 og Bakki 26. september kl. 15.30

- **Foreldraviðtöl**

Foreldrar nýrra barna koma í viðtöl á vorin áður en barnið byrjar í leikskólanum. Í viðtölunum fá deildarstjórar upplýsingar um barnið og foreldrar fá upplýsingar um leikskólann og starfið. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári í október og í marz. Í Hömrum gera deildarstjórar einstaklingsáætlun fyrir hvert barn og fara yfir hana með foreldrum í viðtalinu. Í Bakka eru gerðar námsögu skráningar sem er síðan farið yfir í foreldraviðtölum að vori. Foreldrar skrá sig í viðtölin á blaði sem er á hurð deildar.

- **Foreldrafélag.**

Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi leikskólans. Í stjórn eru foreldrar frá flestum deildum. Valið er í stjórnina á haustin. Foreldrafélagið skipuleggur og fjármagnar ýmsar uppákomur í leikskólanum fyrir börnin í samstarfi við starfsfólk. Þau senda út gíróseðla tvisvar á ári sem nýtist í það sem foreldrafélagið stendur fyrir. Þau sjá um jólagjafir, piparkökumálun fyrir jólin, borga leiksýningu sem kemur í leikskólann, sumarhátíð og sveitaferð sem farin er að vori. Ákveðið hefur verið að halda sitt hvoru foreldrafélagi í Hömrum og Bakka.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

- **Áætlun vetrarins**

Unnið er með Söguaðferðina (e.Story-line) í samstarfi við Kelduskóla Vík. Teknir eru fyrir tveir sögurammar yfir veturinn. Ramminn fyrir áramót stendur yfir í átta vikur en tíu vikur eftir áramót og fara börnin einu sinni í viku, 80 mínútur í senn í grunnskólann.

Leitast er við að skapa ævintýraheim þar sem börnin eru þátttakendur og leita sjálf lausna. Umhverfið er hvetjandi þar sem nám barnanna fer fram í gegnum leik.

Fyrir áramót er tekið fyrir gamalt ævintýri og unnið með það en eftir áramót er tekinn fyrir rammi sem heitir Að byrja í grunnskóla og inn í hann eru fléttaðar heimsóknir til sérgreinakennara.

Nánari áætlun verður gerð í byrjun september í samráði við grunnskólann og verður send þá til skóla og frístundasviðs.

- **Samstarfsverkefni ef einhver eru. Nýjungar/breytingar ef einhverjar eru.**

Börnin fá boð um að koma og upplifa tvær kennslustundir með 1.bekk að vori. En 1. bekkur kemur í tvær heimsóknir í leikskólann að hausti. Þetta er gert til að skapa samfellu milli skólastiganna. Einnig hittast hóparnir um jólin, syngja saman og skiptast á jólakveðjum.

Börnunum er boðið í heimsókn í frístundaheimilið Vík Galdraslóð og frístundarheimilið Korpu að vori þar sem þau fá að hitta starfsmenn, kynnst umhverfi þess og starfinu þar.

Sjá endurmat á starfi síðasta vetrar í fylgiskjali 10.4

9 Skipulagsdagar.

21. september. Skyndihjálparnámskeið

17. október. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

9. nóvember

1. febrúar

18. mars. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

24. maí. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

10.3 Leikskóladagatal

10.4 Skólaárið 2017-2018 lokaskýrsla um samstarf leik- og grunnskólans

10.5 Sameiginleg langtímaáætlun

F. h. leikskólans

Erna Jónsdóttir	2.júlí 2018
Leikskólastjóri	Dagsetning

Endurmat fyrir veturinn 2017-2018

Hvernig gengur að vinna með námssviðin. Hvernig er unnið með þau.

Rökstyðjið svar:

Læsi og samskipti

Heilbrigði og vellíðan

Sjálfbærni og vísindi

Sköpun og menning

Hvernig gengur að flétta leiknum/flæði inn í námssviðin. Er börnunum skipt niður í litla hópa?

Hvernig er unnið út frá stefnu og gildum leikskólans? (Jákvæðni, samvinna, hlustun og virðing)

Hvernig gengur skráningin (Allir starfsmenn eiga að skrá vinnu með sínum hóp)Hvað gekk vel/Hvað má betur fara/Tillögur að úrbótum.

Hvernig ganga samskipti við foreldra

Hvernig gengur að virkja börnin í endurmati og grænum skrefum

Hvað gekk vel/hvað má betur fara/Tillögur að úrbótum. Eru fastir tímar á deildunum til að gera endurmatið?

Í hádeginu. Fá börnin að fara frá borðinu þegar þau eru búin að borða? Hvernig gengur?

Hvernig gengur með útikennsluna?

Í endurmati í fyrra töluðu einhverjar deildir um breytingu á stundarskrá og að fækka mætti dóti á deild og skapa þannig meira gólfpláss. Hvernig gengur það? Er dagskipulagið of stíft? Tillögur að útbótum.

Hvernig gengur með að nýta allan efnivið eins og einingakubba, numicon, jarðleir og ljósaborð?


Hefur öllu starfsfólki verið kynnt blað um vinnustellingar, þrífáætlun, skiptingu í garði og ef deild vantar hvað á að gera?

Hugleiðingar um veturinn og tillögur til úrbóta fyrir næsta skólaár.

Gangi ykkur vel

Starfsáætlun 2018 – 2019

Nes



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Arna Lind Sigurðardóttir ritari

Atli Már Jónsson formaður

Veróníka Björk Gunnarsdóttir

Daníel Martyn Knipe

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs Bakka 2018

Foreldraráð Bakka er í megin atriðum mjög ánægt með starfsáætlun vetrarins 2018-2019.

Helst ber að nefna að mikil ánægja er með að starfsstöðvarnar tvær Bakki og Hamrar fái að halda sínum sérstöðum. Finnst okkur það skipta máli enda hafa verkefni sem hafa verið lengi við líði á Bakka eins og Fjörulallar vakið mikla lukku og eru skólanum vel til sóma.

Halda mætti betur í samstarf Bakka og Korpuskóla, fyrir skólahólpinn.

Foreldraráð er mjög ánægt með hvernig skólinn tengir heilsuefli inn í starfið eins og jóga, slökun og einnig reglulegar heimsóknir í íþróttahúsið sem við teljum gera börnunum einkar gott. Barn vikunnar er líka góð viðbót í dagskrá skólans.

Foreldraráði finnst áætlun vera skýr og taka mið af þörfum bæði einstaklinga og hópa sem og mismunandi þörfum barna.

Umbótaráætlun lítur vel út og er hnitmiðuð.

Framtíðaráætlun skólans mætti vera skýrari og útrýma mætti óvissuþáttum varðandi framhald skólans.

Umsög foreldraráðs Nes-Hamra

Foreldraráðið er sammála öllum helstu áherslum leikskólans. Við teljum mikilvægt að kennsla barnanna sé fjölbreytt og skapandi.

Ráðið telur tilkomu TRAS og sérkennslustjóra mjög mikilvæga og jákvæða fyrir börn leikskólans. Fyrri inngrip inn í málörvun barna sem á þurfa að halda geta skipt verulegu máli fyrir áframhaldandi málþroska og aðra félagslega þætti sem fylgja samskiptum og barni út í lífið.

Verklag fyrir börn af erlendum uppruna er gott, og mikilvægt er að þau börn og fjölskyldur þeirra finni fyrir öryggi og njóti góðs af leikskólakennslunni.

Foreldrakannanir eru af hinu góða og teljum við að þær stuðli að betra upplýsingaflæði milli foreldra og leikskóla. Þetta hefur í för með sér færri árekstra og almennt séð betri upplýsingar fyrir báða aðila um mikilvæg málefni sem snúa að vellíðan barnanna o.fl.

Ráðið telur sameiningu Bakka og Hamra hafa gegnið vel fyrir sig. Foreldrum var haldið upplýstum um ferlið, engar sjáanlegar raskanir urðu á leikskólastarfi.

Áherslan á hreyfingu og yoga er frábær og mælir foreldraráðið eindregið með því að yoga verði áfram liður í kennslu.

Símenntun starfsmanna leikskólans eru mjög góðar fréttir þar sem að þetta eykur á þekkingu og hæfni starfsmanna. Það mun hafa í för með sér betri kennslu fyrir börnin.

Foreldraráðið mælir með:

- að áfram verði skoðaðar kennsluaðferðir með hjálp tækninnar (s.s. Orðagull í Ipad o.fl).
- að endurmati barna verði áfram framfylgt með markvissum hætti.
- að lögð verði áhersla á flokkun, umhverfi, útikennslu og heilsu.
- að fjölbreytt kennsla með numicon og einingakubbum haldi áfram.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

Nes

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F	Uppl. um skil á starfsáætlunum fer fyrir skóla- og frístundaráð	1 L	Fullvektisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Skipulagsdagur Dagur starfshæðanna	1 F		1 M	H:Foreldrav. Álfabergi	1 M	Barnamenningarhátíð/Verka	1 L		1 M	Skil á starfsáætlun
2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F	Barnamenningarhátíð	2 S	Sjómanna dagurinn	2 Þ	
3 F		3 M		3 M	Spiladagur	3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M	H:Foreldrav. Hulduhól H:Foreldrav. Hulduhól H:Furðufata dagur	3 F	Barnamenningarhátíð	3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L	Barnamenningarhátíð	4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F		5 M		5 M		5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F		5 S	Barnamenningarhátíð	5 M		5 F	
6 M	Frídagur vestunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans. Frjóskeydukaffi 14.30-15.30	6 M	Óskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ		7 F		7 S		7 M	Hattadagur	7 F	H:Vinatundur (H)	7 M		7 F	Jarðskjálftaæfing Leikskólaráðstefnan	7 F		7 S		7 Þ		7 F	Snúðaskökk kl. 10	7 S	
8 M		8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F		9 S		9 Þ		9 F	Skipulagsdagur	9 S		9 M	Leikfangadagur	9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M	Jarðskjálftaæfing	10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F	Nestisdagur	12 M	H:Foreldrav. Tröllabjargi	12 M	Vasalýsdagur	12 L		12 Þ		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F		13 L		13 Þ	H:Foreldrav. Tröllabjargi, B: Lundey	13 F	H:Vinatundur (T)	13 S		13 M	Þröttatadagur	13 M	H:Spiladagur	13 L		13 M	Samráð leikskólastjóra	13 F		13 L	
14 Þ		14 F		14 S		14 M	H:Foreldrav. Dvergasteini, B: Þemey	14 F	Jólaball	14 M		14 F		14 F		14 S	Þálmassunnudagur	14 Þ		14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F	H:Foreldrav. Dvergasteini, B: Víðey	15 L		15 Þ		15 F	B: Ömmu og mömmu kaffi	15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar tungu H:Foreldrav. Álfabergi	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F	Leikskólastjóraráfundur	16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M	Skipulagsdagur	17 L		17 M	H:Jólalegur dagur Samráð leikskólastjóra	17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ		18 F	Vetrarfrí	18 S		18 Þ		18 F	Nestisdagur	18 M		18 M	Skipulagsdagur	18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ	Samráð leikskólastjóra	18 F	
19 S		19 M	H:Leikfangadagur eldri	19 F	Vetrarfrí	19 M	Samráð leikskólastjóra H:Foreldrav. Álfabergi	19 M		19 L		19 Þ		19 Þ		19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M	Samráð leikskólastjóra	20 F		20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F	Leikskólastjóraráfundur	20 L	
21 Þ		21 F	Skipulagsdagur	21 S		21 M	H:Foreldrav. Hulduhól	21 F	H:Vinatundur (Á)	21 M	Samráð leikskólastjóra	21 F	Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F		21 S	Þáskadagur	21 Þ		21 F		21 S	
22 M		22 L		22 M	Vetrarfrí	22 F	H:Foreldrav. Hulduhól Leikskólastjóraráfundur	22 L		22 Þ		22 F	H:Vinatundur (H)	22 F		22 M	Annar í þáskum	22 M		22 L		22 M	
23 F	Leikskólastjóraráfundur	23 S		23 Þ		23 F		23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M	Samráð leikskólastjóra	24 M		24 L		24 M	Aftangadagur jóla	24 F	Leikskólastjóraráfundur	24 S		24 S		24 M		24 F	Skipulagsdagur	24 M		24 M	
25 L		25 Þ	Foreldrafundur Hamrar kl. 18-19	25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	H:Vinatundur (D) Bóndadagur Þorablot B þabba og afa kaffi	25 M	Samráð leikskólastjóra	25 M	H:Foreldrav. Tröllabjargi Samráð leikskólastjóra	25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M	Foreldrafundur Bakka kl. 15.30	26 F	Námseisldagur leikstjóra H:Náttfata og bangs dagur	26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ		26 Þ	H:Foreldrav. Tröllabjargi, B:Lundey	26 F	H:Vinatundur (Á)	26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F	Leikskólastjóraráfundur	27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangs dagurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M	H:Foreldrav. Dvergasteini, B: Þemey	27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F	Hamrar Vinatundur (T)	28 S		28 M		28 F		28 M		28 F	Leikskólastjóraráfundur	28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F	H:Foreldrav. Álfabergi	29 M		29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F	H:Vinatundur (D)	30 S		30 M				30 L		30 Þ	Barnamenningarhátíð	30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	

Skólaárið 2017 - 2018

Nemendur voru 44 og var hópnum skipt í tvennt og komu nemendur í fyrsta sinn bæði frá Hömrum (32 nemendur) og Bakka (12 nemendur). Skólaárinu var skipt upp í tvö þemu eitt fyrir áramót og annað eftir áramót. Leikskólakennari og starfsmenn fylgja börnunum af leikskólanum og eru virkir þátttakendur í starfinu. Samstarfið byggir á aðferðum Söguaðferðarinnar. Fyrri ramminn var Ævintýrið um Grámann í Garðshorni og stóð í 8 vikur. Seinni ramminn heitir: Að byrja í grunnskóla og tekur hann 10 vikur. Hvor hópur kemur einu sinni í viku og er heimsóknin 80 mínútur í senn

Við upphaf söguramma að hausti fóru allir nemendur í könnunarferð um skólann. Í vinnu við söguramman eftir áramót fóru nemendur í heimsóknir í íþróttir og verk- og listgreinar hittu kennara og nemendur þar. Tóku þátt í tíma og unnu jafnframt verkefni sem féllu að rammanum sem unnið var að. Sögurömmunum lauk með sérstakri viðhöfn. Í fyrra skiptið léku nemendur söguna og í seinna skiptið kynntu nemendur vinnu sína á sal skólans og buðu foreldrum sínum. Við lok beggja rammanna voru veitingar í boði skólans. Afrakstur af vinnu barnanna var settur upp á göngugötu skólans.

Kennslurammar / þemu

Fyrri þema vetrarins var ævintýratengt og valið með hliðsjón af því m.a. að vinna með orðaforða, málshætti, orðatiltæki og bókstafi og ritun. Seinna þemað: Að byrja í grunnskóla hefur gefist vel undanfarin ár sem liður í undirbúningi fyrir væntanlega grunnskólagöngu. Upphaf og lok hvernar heimsóknar er ávallt með sama sniði til að marka upphaf og enda samverunnar.

Grámann í Garðshorni

Yfirmarkmið:

Að börnin efli orðaforða sinn læri ný orð, málshætti, orðatiltæki og samheiti

Að börnin efli tjáningu og framkomu.

Að börnin geti sett sig í spor annarra og fundið lausnir

Að börnin vinni með bókstafi, ritun, orð

Að börnin efli með sér samvinnu og sköpun

Að börnin kynnist möguleikum ævintýrisins og útbúi m.a. leikmynd, leikgerð út frá sögunni.

Í þessum ramma er umfjöllunarefnið samkennd, tilfinningar og ímyndunaraflið.

Nemendur velta fyrir sér möguleikum ævintýrisins og trúveruleika og að setja sig í spor annarra.

Kennsluramman í heild má finna á sameign Kelduskóla-Vík.

Að byrja í grunnskóla

Yfirmarkmið:

Að börnin deili sameiginlegum væntingum sínum.
Að börnin efli sjálfsvitund sína
Að börnin efli tjáningu sína
Að börnin efli samvinnu og samskipti
Að börnin vinni með bókstafi/ritun/orð
Að börnin taki þátt í markvissri málörvun.

Í þessum ramma er umfjöllunarefnið vinátta, tilfinningar og aðlögun að því að skipta um skólaumhverfi og ræða þær breytingar sem væntanlega eru við að fara yfir á annað skólastig. Farið er í heimsóknir í sérgreinastofur og unnin verkefni sem tengjast viðfangsefninu.

Kennslurammann í heild má finna á sameign Kelduskóla – Vík.

Almennt um samstarfið

Haldin var fundur í upphafi skólaárs með þeim sem komu að starfinu til að leggja línur fyrir skólaárið. Ákveðið var að vera með tvo söguramma. Við annarskil var endurmatsfundur og var ánægja með hvernig tiltókst með sögurammann fyrir áramót. Á fundinn kom umsjónarkennari 1. bekkjar og skólaheimsóknir leikskólabarnanna að vori skipulagðar.

Annað samstarf var að nemendur 1. bekkjar fóru í þrjár heimsóknir í Leikskólann Hamra fyrir áramót í síðustu heimsókninni var skipst á jólakveðjum.

Heimsóknir elstu barna leikskólans í 1. bekk að vori voru eins og verið hefur. Þessar heimsóknir hefjast þegar líður á skólaárið og vinnan með söguramma er lokið eða u.þ.b. í apríl og maí. Leikskólabörnin koma tvisvar í skólann og taka þátt í fyrstu kennslulotu dagsins, borða nesti og fara í frímínútur. Leikskólabörnin á Bakka fóru í Korpu og börnin á Hömrum fóru í Vík. Nú í vor voru hóparnir stækkaðir frá því sem verið hefur.

Á matsfundi í lok skólaárs var niðurstaðan sú að samstarfið hafi gengið vel.

Myndir af starfinu er á sameign skólans.

Lokaorð

Það samdóma álit okkar sem að þessari vinnu standa að vert er að halda henni áfram. Börnin koma örugg í grunnskólann í skólabyrjun og foreldrar sýna starfinu áhuga og verða öruggari við upphaf grunnskólagöngu barna sinna.

Reykjavík 31. maí 2018
Kelduskóli – Vík
María Haraldsdóttir

10.5 Langtímaáætlun leikskólans Nes.

Eftirfarandi þætti munum við vinna með á sameiginlegum grundvelli næsta árs. Sett voru inn tvö langtímamarkmið sem verða ekki tekin fyrir fyrir en þarnæsta starfsár.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Fjaran	Að börnin kynnist lífinu í fjörunni og læri að umgangast það sem þar er.	Elstu börn Hamra fari einu sinni í mánuði yfir veturinn í fjöruferðir með Bakka.	Sept 2018 Maí 2019	Deildarstjórar	Endurmetum á deildarfundu m yfir veturinn.	Að fjöruferðir verði liður í starfi Hamra. Börnin læri að virða og umgangast lífríkið í fjörunni.
Lubbi	Að börnin æfi málhljóðin	Hamrar kynni á starfsmanna- fundi hvernig unnið er með Lubba í Hömrur	Sept 2018 Maí 2019	Deildarstjórar	Endurmetið á deildarfundu m yfir veturinn	Að Lubbastundir verði liður í starfi Bakka.
Einingakub- bar	Að kynna fyrir börnum og starfsfólki hvernig hægt er að vinna með einingakubba	Fá inn fræðslu á skipulagsdag haustið 2019	Haust 2019 til vor 2020	Stjórnendur og starfsfólk	Endurmetið að vori 2020 á skipulags- degi	Að öll börn geti nýtt sér hugmyndafræðin a sem er að bak við kubbana
Numicon	Gera kubbana sýnilega og nota þá með sem flestum efnivið	Rifja upp og fá fræðslu á starfsmanna- fundi haust 2019	Haust 2019 til vor 2020	Stjórnendur	Endurmetið að vori 2020 á skipulags- degi	Að börnin geti nýtt sér kubbana í allan leik t.d. búðarleik og hlut- verkaleik